

Leikskóli - Hundahópur

Haustönn 2018

DREKALAGIÐ

Sjáðu mig mamma
er ég ekki hetja
ég þori að sitja
á bakinu á dreka.

Ég ætla að fara
vestur fyrir mána.
Til vonar og vara
tylli ég mér á tána.

Norðan við pól
sérðu norðurljósinn sveima.
Austan við sól
eiga ævintýrin heima.

HLUSTA NÚ

Lærðu að hlusta
með hjartanu.
Lærðu að hlusta
með maganum.
Lærðu að fylgja
slættinum í regninu.

Hlusta nú ...

Heyr hvernig vindurinn
gnauðar nú.
Hlustaðu og leiðina
finnur þú.
Lærðu að fylgja
slættinum í hjartanu.

Hlusta nú ...

Horfðu yfir dalinn
og fjöllin blá.
Þar búa álfar
og tröllin há.
Þau bíða og kalla á þig nú.
Heyrir þú?

Hlusta nú ...

KVÆÐIÐ UM FUGLANA

Snert hörpu mína, himinborna dís,
svo hlusti englar guðs í paradís.^{[L]^{SEP}}
Við götu mína fann ég fjalarstúf.^{[L]^{SEP}}
og festi á hann streng og rauðan skúf.

Úr furutré, sem fann ég út við sjó,
ég fugla skar og líka úr smiðjumó.
Í huganum til himins oft ég svíf
og hlýt að geta sungið í þá líf.

Þeir geta sumir synt á læk og tjörn
og sumir verða alltaf lítil börn.^{[L]^{SEP}}
En sólin gyllir sund og bláan fjörð
og sameinar með töfrum loft og jörð.

Ég heyri í fjarska villtan vængja þyt,
um varpann leikur draumsins perluglit.
Snert hörpu mína himinborna dís,^{[L]^{SEP}}
og hlustið englar guðs í paradís.

Margt þarf að gera á morgnana

Margt þarf að gera' á morgnana,
:,: á morgnana. :,:
Margt þarf að gera' á morgnana
og margt sem ekki má gleyma.

Þannig er best að þvo um hönd,
:,: að þvo um hönd. :,:
Þannig er best að þvo um hönd,
að þvo sér má enginn gleyma.

Þannig er best að þurrka hönd,
:,: að þurrka hönd. :,:
Þannig er best að þurrka hönd,
að þurrka má enginn gleyma.

Þannig er best að bursta tönn,
:,: að bursta tönn. :,:
Þannig er best að bursta tönn,
að bursta má enginn gleyma.

Þannig er gott að greiða hár,
:,: að greiða hár. :,:
Þannig er gott að greiða hár,
að greiða má enginn gleyma.

Þannig er kátt að klappa' í takt,
:,: að klappa' í takt. :,:
Þannig er kátt að klappa' í takt,
að klappa má enginn gleyma.

Þannig er gott að ganga' í röð,
:,: að ganga' í röð. :,:
Þannig er gott að ganga' í röð,
að ganga má enginn gleyma.

Þannig er létt að hoppa' í hóp,
:,: að hoppa' í hóp. :,:
Þannig er létt að hoppa' í hóp,
að hoppa má enginn gleyma.

Hreyfingar:

Annað erindi - þykjast þvo sér um hendurnar
Þriðja erindi - þykjast þurrka á sér hendurnar
Fjórða erindi - þykjast bursta tennurnar
Fimmta erindi - þykjast greiða hár
Sjötta erindi - klappa í takt
Sjöunda erindi - ganga í röð
Áttunda erindi - hoppa

SKÝIN

Við skýin felum ekki sólina af illgirni.
Við skýin erum bara að kíkja á leiki mannanna.
Við skýin sjáum ykkur hlaupa, úúúúps, í rokinu
klædd gulum, rauðum, grænum,
bláum regnkápum.
Eins og regnbogi meistarans,
regnbogi meistarans.
Við skýin erum bara grá, bara grá.
Á morgun kemur sólin,
hvar verðum við skýin þá?
Hvar þá, hvar þá, hvar þá, hvar þá,
hvar þá, hvar þá, hvar verðum við skýin þá?

KRUMMI KRUNKAR ÚTI

Krummi krunkar úti
kallar á nafna sinn:
„Ég fann höfuð af hrúti,
hrygg og gæruskinn.“
:,:„Komdu nú og kroppaðu með mér,
krummi nafni minn.“:,:

ÓLI OG BERTA

Óli fór til Bertu, bakaríistertu,
og bað hana að kyssa sig.
Þá sagði Berta, bakaríisterta:
„Bara ef þú elskar mig!“

Þá sagði Óli, sem var á hjóli,
„Berta, ég elska þig!“
Glöð sagði Berta, bakaríisterta,
„Nú máttu kyssa mig!“
("kyss - kyss" (kysst út í loftið))

Mamma Mia viðlag

Mamma mía, enn og aftur þú^{[L]_{SEP}}
æ, æ, ýmislegt að varast.
Mamma mía, veit hver kjaftur nú,
æ, æ, að ég er að farast?
Ömurlegt allt varð bara
af því ég lét þig fara.
Æ, æ, að ég skyldi sleppa þér.
Mamma mía, alveg ljóst það er,
æ, æ, ég átti ekki' að sleppa þér.

Dansinn hvín viðlag.

Þú vilt dans,
þú vilt það
endalaust allsherjar stuð
Ú.... æpandi elskan mín,
dillandi í dansi hvín.

SOS viðlag

Þú vildir sjá mig
hlustaðu nú á mig, S.O.S.
Minn ástareldur
í mér lífi heldur, S.O.S.
Ef þú ferð, dvölin hér,
sýnist mér einskisverð
Ef þú ferð, verðu mér
dvölin hér einskisverð.

Ég þakka tóna' og söngva

Þakka tóna' og söngva,
þau orð sem hljóma,
augu sem af gleði ljóma.
Hvernig veröld væri
ef tónlist væri' ekki til^{[L]_{SEP}}
tæpast ég skil^{[L]_{SEP}}
Við erum gerð fyrir dans, söng og spil,
því vil ég þakka tóna' og söngva,
þeirra birtu' og yl.